

# Lög

## um breytingu á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.

---

### 1. gr.

Á eftir 7. tölul. 9. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Að leigja eða fela öðrum með samningi að annast leigumiðlun með íbúðarhúsnæði sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið á nauðungaruppbóði samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur.

### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „15 ára“ í 1. mgr. kemur: 30 ára.
- b. Í stað orðanna „15 ár“ í 4. mgr. kemur: 30 ár.
- c. Í stað orðanna „55 ár“ í 4. mgr. kemur: 70 ár.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 5. desember 2008.*